




CRE THINK

CRETHINK - „Co-creative RETHINKing for sustainable cities“ er tveggja ára Erasmus+ verkefni sem miðar að því að styðja íbúa sveitarfélaga í því að öðlast hæfni við að leysa flókin samfélagsleg viðfangsefni með hugmyndafræði og aðferðum samsköpunar (e. Co-creation).

Unnið var með heimsmarkmið Sameinuðupjódanna nr.11 - Sjálfbærar borgir og samfélög. Viðfangsefni evrópsku þáttökuborganna voru ólík þó öll hafi á einhvern hátt fjallað um umhverfismál.

**Lokarárðstefna Crethink verkefnisins verður haldin í Fjölheimum 3.júní nk. og munu þáttökuborgirnar standa fyrir vinnustofum um verkefnin sín og þær aðferðir sem hóparnir beittu til að finna lausnir á þeim áskorunum sem glímt var við, með áður nefndum aðferðum samsköpunar.**



# Dagskrá

## FJÖLHEIMAR/SELFOSSI

**HÚSIÐ OPNAR KL.12:30 OG HEFST DAGSKRÁ KL.13:00**

### **13:00-13:30 / Setning ráðstefnu**

Maren Marie Pilegård Andersen verkefnastjóri Crethink setur ráðstefnuna og útskýrir tilgang og fyrirkomulag

### **13:30-15:30 / Fjórar vinnustofur á vegum þátttöku borganna:**

- Vejle í Danmörku: **Græn skref í verslunarrekstri. Hverju skila þau?**
- Palermo á Ítalíu: **Ad hanna íbúasvæði með íbúalýðræði**
- Hveragerði á Íslandi: **Hvernig búum við til „zero-waste“ samfélag?**
- Novo mesto í Slóveníu: **Tré í borg. Hvaða þýðingu hafa skógar í þéttbýli?**

### **15:30-16:30 – Hvað er samsköpun (e. Co-creation)**

Stutt vinnustofa um samsköpun sem aðferð til að leysa úr flóknum viðfangsefnum og hvernig hún er nýtt til þess að efla almenning til þátttöku í sínu samfélagi og hvað beri helst að varast þegar stuðst er við samsköpun sem leið til þróunar

# Nánar um verkefniin

## Vejle í Danmörku: Græn skref í verslunarrekstri. Hverju skila þau?

Verkefnið gengur út á að styðja staðbundin smásöluþyrntæki og aðra hagsmunaaðila eins og iðskiptaþróunarráðgjafa og fyrirtækjasamtök auk viðskiptavinanna sjálfra, í Vejle í að verða sjálfbær. Farið var í rannsóknir og prófanir til að finna aðferðir til að styðja við staðbundna sjálfbæra þróun innan Vejle. Vonir standa til þess að þær aðferðir geti dreifst til annarra viðskiptaneta í Danmörku og fleiri landa/borga. Sjá nánar hér: [www.crethink.eu/danish-case-study](http://www.crethink.eu/danish-case-study)

## Palermo á Ítalíu: Hvernig hönnum við íbúasvæði með íbúalýðræði?

Ítalska teymið í borginni Palermo ákvað að virkja unga framhaldsskólanema í samsköpunarferli nýs útivistarsvæðis. Svæðið sem um ræðir er fyrir framan inngang skólans og var bílastæði sem breytt var í torg með það að markmiði að það yrði öruggt félagssvæði, skapað með og fyrir nemendur skólans. Sjá nánar hér: [www.crethink.eu/copy-of-icelandic-case-study](http://www.crethink.eu/copy-of-icelandic-case-study)

## Hveragerði á Íslandi: Hvernig búum við til „zero-waste“ samfélag?

Verkefnið gengur út á innleiðingu Hringrásarhagkerfis í sveitarfélögum á Suðurlandi og var Hveragerðisbær nýttur sem tilraunabær. Markmiðið var að sýna hvernig allir íbúar sveitafélags eru hluti af keðju og sú keðja er aðeins eins sterk og veikasti hlekkur hennar og að sýna fram á að þegar allir íbúar eiga jafn stóran þátt í verkefnunum læra þeir að skilja eigið mikilvægi. Sjá nánar hér: [www.crethink.eu/copy-of-danish-case-study](http://www.crethink.eu/copy-of-danish-case-study)

## Novo mesto í Slóveníu: Hvaða þýðingu hafa skógar í þéttbýli?

Verkefnið gengur út á að innleiða betri umönnun trjáa í þéttbýli meðal þeirra sem taka ákvarðanir fyrir sveitarfélagið sem og íbúa í Novo mesto. Samstarfsaðilar gengu til liðs við verkefnið með það fyrir augum að bæta umhírðu borgartrjáanna á staðnum og nota samsköpunaraðferðina til að virkja sem flesta (fagfólk og almenning) og skapa tengslanet áhugasamra úr hópi almennings. Sjá nánar hér: [www.crethink.eu/copy-of-italian-case-study](http://www.crethink.eu/copy-of-italian-case-study)

